



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Minnisblað starfshóps um varanlegan regnboga

Þann 4. júní 2019 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur að málaður yrði varanlegur regnbogi á áberandi stað í miðborg Reykjavíkur. Þann 27. apríl 2022 skipaði Skipulags- og samgönguráð starfshóp til að vinna að mótun stefnu varðandi útfærslu Regnbogans og varanlegri staðsetningu hans í miðborg Reykjavíkur. Starfshópurinn fundaði reglulega á starfstímanum og átti samtöl við hagaðila. Afrakstur þeirrar vinnu nú verið tekinn saman í minnisblað starfshópsins sem hér með er lögð fram fyrir umhverfis- og skipulagsráði til kynningar.

Virðingarfyllt, fyrir hönd starfshóps um varanlegan Regnboga
Edda Ívarsdóttir
Deildarstjóri borgarhönnunar
Skrifstofu samgangna og borgarhönnunar

Hjálagt:

1. Minnisblað starfshóps um varanlegan regnboga, dags. 31. maí 2023
2. Erindisbréf starfshóps, dags. 3. júlí 2019.



MINNISBLAÐ

Minnisblað starfshóps um varanlegan regnboga

Bakgrunnur

Regnboginn á Skólavörðustíg hefur frá því að hann var málaður fyrst á götuna 2015 orðið að einu sterkasta kennileiti miðborgarinnar. Hann er tákn hinsegin samfélagsins og til merkis um samstöðu með baráttu hinsegin fólks í borginni.

Ákvörðun um varanlegan regnboga við Skólavörðustíg var tekin í borgarstjórn í júní 2019 með fyrirvara um mögulega breytingu á útfærslu við endurhönnun götunnar.

Regnboginn hefur verið málaður árlega á götuna frá árinu 2019 en sú útfærsla er ekki nægilega slitsterk til að geta talist varanleg útfærsla. Árið 2021 var kynnt forhönnun útfærslu Skólavörðustígs þar sem er regnboginn var túlkaður í litskrúðugum gróðri en opnað var fyrir möguleikann á annarri túlkun regnbogans við götuna

Í kjölfar forhönnunarinnar var skipaður starfshópur, 27. apríl 2022.

Í hópnum sátu:

Edda Ívarsdóttir f.h. skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, formaður
Gunnlaugur Bragi Björnsson f.h. Hinsegin daga
Ragnhildur Sverrisdóttir f.h. Samtakanna 78
Rebekka Guðmundsdóttir f.h. skrifstofu samgangna og borgarhönnunar
Svandís Anna Sigurðardóttir f.h. mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu

Samkvæmt erindisbréfi voru helstu verkefni eða viðfangsefni hópsins eftirfarandi:

- Að skoða valkosti varðandi varanlega framtíðarstaðsetningu regnbogans, þar með talið óbreytta staðsetningu hans á neðri hluta Skólavörðustígs.
- Að leggja mat á ávinning þess að þess að Umhverfis- og skipulagssviði verði annars vegar falið að vinna móta tillögu að útfærslu og staðsetningu út frá þeim forsendum og markmiðum hópsins og hins vegar að efna til samkeppni.
- Að gera tillögur til skipulags- og samgönguráðs um næstu skref.

Niðurstaða starfshóps

Starfshópurinn lagði því af stað með tvær hugmyndir. Önnur að efna til samkeppni um varanlegan regnboga í Reykjavík með staðsetningu á áberandi stað innan borgarinnar en hin að halda regnboganum í götu á Skólavörðustíg en finna annað slitsterkara og endingabetra efni en málningu.

Hópurinn fór vel yfir kosti og galla þessara tveggja kosta. Niðurstaða hópsins er að núverandi staðsetning sé einstök. Regnboginn á Skólavörðustíg hefur skapað sér sess sem tákn um mannréttindabaráttu hinsegin fólks í Reykjavík og stuðning Reykjavíkurborgar við þá baráttu í



Samræmi við mannréttindastefnu borgarinnar. Hann er eitt mest myndaða götuverk borgarinnar og óvíst er hvort hann næði jafnstærkum hughrifum væri hann staðsettur á öðrum stað innan borgarmarkanna. Með endurhönnun á göngugötum mun skapast rólegra yfirbragð á Laugavegi en sú umbreyting mun hafa það í för með sér að regnboginn verður enn sterkara tákni um virðingu og jafnrétti þar sem hann verður ekki í keppni við aðra götulist á svæðinu. Staðsetningin er einnig einstök þar sem Skólavörðustígur liggur beint upp að Hallgrímskirkju og myndar litríkan og áhrifamikinn sjónás upp stíginn. Regnboginn, á núverandi stað, hefur ómetanlegt virði og aðdráttarafl fyrir heimafolk jafnt sem ferðamenn sem á svæðið koma.

Starfshópurinn leggur því til að að:

- Varanlegur regnbogi verði áfram á Skólavörðustíg. Hann verði lagður í götuna með slitsterku efni í sumar. Það efni sem hópurinn hefur skoðað endist í allt að átta ár. Það verði endurtekið ef ekki sé komið að endurgerð götunnar þegar komið er að því að endurnýja regnbogann.
- Forhönnun Skólavörðustígar verði aðlöguð að regnboganum og hann tekinn inn í verkhönnun götunnar sem varanlegur hluti götumyndarinnar.
- Starfshópurinn leggur áherslu á að ráðgast verði við hinsegin samfélagið þegar unnið verður að verkhönnun Skólavörðustígar svo tryggt verði að tákni mynd réttindabaráttu þess, regnboginn, eigi áfram veglegan sess á þessum stað.

Áætlaður kostnaður við að leggja regnbogann með slitsterku efni á Skólavörðustíg er um 3 milljónir kr.

Virðingarfyllt,
Edda Ívarsdóttir
Samgöngur og borgarhönnun
deildarstjóri borgarhönnunar

ERINDISBRÉF

Starfshópur um varanlegan regnboga

Ábyrgðarmaður: Skipulags- og samgönguráð.

Inngangur:

Þann 4. júní 2019 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur að málaður yrði varanlegur regnbogi á áberandi stað í miðborg Reykjavíkur. Síðar sama sumar var samþykkt að regnboganum yrði komið fyrir á Skólavörðustíg milli Bergstaðastrætis og Laugavegs með fyrirvara um breytingu á útliti og efnistökmum við endurgerð götunnar. Ljóst er að núverandi staðsetning hefur almennt mælst vel fyrir og er regnboginn orðinn eitt af kennileitum Reykjavíkur. Jafnframt liggur fyrir að áform eru uppi um breytingar á Skólavörðustíg í tengslum við varanlega breytingu svæðisins í göngugötu. Í því samhengi þykir rétt að skoða framtíðarútfærslu á regnboganum í miðborg Reykjavíkur á núverandi eða nýjum stað.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að móta stefnu varðandi útfærslu regnbogans og varanlega staðsetningu regnbogans í miðborg Reykjavíkur.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Að skoða valkosti varðandi varanlega framtíðarstaðsetningu regnbogans, þar með talið óbreytta staðsetningu hans á neðri hluta Skólavörðustígs.
- Leggja mat á ávinning þess að þess að Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að vinna móta tillögu að útfærslu og staðsetningu út frá þeim forsendum og markmiðum sem hópurinn setur samanborið við að efna til samkeppni.
- Að gera tillögur til skipulags- og samgönguráðs um næstu skref.

Starfshópurinn skipa:

Edda Ívarsdóttir, formaður, f.h. skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Gunnlaugur Bragi Björnsson, f.h. Hinsegin daga

Ragnhildur Sverrisdóttir f.h. Samtakanna 78

Rebekka Guðmundsdóttir, f.h. skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Svandís Anna Sigurðardóttir f.h. mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Edda Ívarsdóttir, skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok september 2022.

Reykjavík, 3. júlí 2019

A handwritten signature in black ink, reading "Ólöf Örvarsdóttir". The signature is fluid and cursive, with a prominent flourish at the end.

Ólöf Örvarsdóttir,
sviðsstjóri